

Reykjavík, 5. mars 2020

Til handhafa útboðsgagna í útboði Garðabæjar, Veitna, HS-Veitna, Gagnaveitunnar og Mílu: „Álftanes, miðsvæði, Svæði 1 – Breiðamýri, gatnagerð og lagnir“

## Málefni: Viðauki 1 – Svör við fyrirspurnum

Ágætu viðtakendur,

Fyrirspurnatími vegna útboðsgagna lauk þann 3. mars síðastliðinn. Engar formlegar fyrirspurnir bárust.

Garðabær vill koma eftirfarandi breytingum á framfæri:

Í kafla „1.0.5 Losun grafins efnis – efnisnámur“ er fjallað um losun jarðefnis á losunarstað innan Álftaness en utan framkvæmdasvæðisins. Verktaki skal gera ráð fyrir að innifalið í verkinu sé akstur á losunarstað, losun, jöfnun og frágangur á losunarstað með samþykki eftirlitsmanns. Verkkaupi mun sjá um annan yfirborðsfrágang, s.s. sáningu.

Í greiðslulið „2.2.1 Gröftur fyrir götum, bílastæðum, stéttum og stígum“ skal texti um magntölur og uppgjör uppfærast:

*Innifalin er öll vinna við gröft, útjöfnun þess efnis sem nýtt er á staðnum, millilagering efnis sem nota skal á verkstað sé þess þörf, vinnuvegir, akstur á losunarstað, losun og jöfnun á losunarstað.*

Í greiðslulið „2.4.2.3 Gröftur og flutningur á losunarstað innan Álftaness“ skal texti um magntölur og uppgjör uppfærast:

*Innifalið í einingarverði skal vera allur kostnaður við efni, vinnu og tæki sem þarf til að ljúka verkliðnum, m.a. öll vinna við gröft, millilagering efnis, akstur á losunarstað, losun og jöfnun á losunarstað.*

Viðauki þessi er nú hluti ofangreindra útboðsgagna.

Þeir bjóðendur sem hafa skilað tilboðum er velkomið að sækja tilboð sín og leggja þau inn að nýju ef talið er að þessar skýringar hafi áhrif á tilboðsverð þeirra.

Virðingarfyllst, f.h. Verkís hf.



Sigurður Grétar Sigmarsson